

Atvinnu-, jafnréttis- og ferðamálanefnd Ásahrepps og umhverfisnefnd Ásahrepps komu saman til fundar mánudaginn 30. september 2019 klukkan 8:00.

Mætt voru: Ingibjörg Sveinsdóttir, Örn Ingvarsson, Pétur Einarsson, Trausti Sigurðsson, Vilberg Skúlason, Ásta B. Ólafsdóttir og Valtýr Valtýsson sem ritaði fundargerð.

Úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Opnað hefur verið fyrir móttöku umsókna úr sjóðnum og er umsóknafrestur til loka október. Fundarmenn sammála um að stefna að skila inn styrkumsókn. Verkefnið muni snúa að bættu aðgengi að áhugaverðum ferðamannastöðum (áfangastöðum) á Holtamannaafretti.

Ingibjörg, Örn og Trausti taka að sér að stýra verkefninu, en aðrir aðilar koma að málum eftir þörfum og getu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:00.

Ingibjörg Sveinsdóttir
Trausti Sigurðsson
Vilberg Skúlason
Pétur Einarsson
Örn Ingvarsson

Ásta B. Ólafsdóttir

Hvað er styrkhæft?

Framkvæmdasjóðurinn styrkir framkvæmdir sveitarfélaga og einkaaðila á ferðamannastöðum til:

- a. Uppbyggingar, viðhalds og verndunar mannvirkja og náttúru á ferðamannastöðum sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila.
- b. Framkvæmda sem varða öryggi ferðamanna og verndun náttúru á ferðamannastöðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila.
- c. Undirbúnings- og hönnunarvinnu vegna verkefna sem eru styrkhæf samkvæmt a- eða b-lið.

Styrkur greiðist út í samræmi við [reglugerð sjóðsins](#) og eru umsækjendur hvattir til að kynna sér reglurnar. Aðeins eru veittir styrkir til verkefna en ekki til staða eða aðila.

Sé aðeins veittur styrkur til undirbúnings- eða hönnunarvinnu skv. c-lið skal sú framkvæmd sem undirbúningur eða hönnunarvinna er vegna vera að öðru leyti styrkhæf skv. a- eða b-lið. Fyrirhuguðu verkefni skal í umsókn lýst svo skilmerkilega að mögulegt sé að meta styrkhæfi þess.

Framkvæmdir sem eru á landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum koma ekki til álita við úthlutun úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða nema sérstaklega standi á, verkefnið sé í þágu almannahagsmuna og þarfnist skjótrar úrlausnar.

Mótframlag

Mótframlag styrkþega er að jafnaði 20% af styrkfjárhæð. Mótframlag getur verið í formi aðkeyptrar þjónustu, efnis eða vinnuframlags.

Varanlegar lausnir

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða leggur áherslu á að veita styrki til varanlegra verkefna (langtímalausna) sem byggja á vandaðri hönnun. Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir að sjóðurinn veiti fjármagni til uppsetningar skyndilausna nema ef um undantekningartilvik er að ræða þar sem mjög brýna nauðsyn ber til og þá sem undanfara varanlegrar mannvirkjagerðar eða í kjölfar náttúruhamfara.

Takmarkanir á styrkveitingum

Framkvæmdasjóðnum er ekki heimilt að:

- a) Veita framlög til rekstrarkostnaðar mannvirkja, náttúruverndarsvæða eða annarra ferðamannastaða.
- b) Veita fjármagni til verkefna sem þegar er lokið.
- c) Styrkja fyrirtæki sem hafa með höndum rekstur ferðamannastaða umfram þá hámarks-upphæð sem leyfilegt er samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1407/2013 um minniháttaraðstoð (de minimis reglu),

nú að hámarki 200.000 evrur á hverju 36 mánaða tímabili að frádregnum öðrum styrkjum frá opinberum sjóðum

sem viðkomandi hefur fengið til sömu verkefna á sama tímabili.

d) Greiða fastan launakostnað umsækjenda, sbr. þó 2. mgr. 8. gr.

e) Veita styrki til ferðamannastaða sem ekki eru opnir gjaldfrjálsri umferð almennings.

Heimilt er þó að taka gjald

fyrir veitta þjónustu.

Úthlutun 2020

Ath. að opnað verður fyrir umsóknir þann 1. október 2019!

Í umsóknareyðublaði eru umsækjandi beðinn um að flokka umsókn sína eftir eðli verkefnis í annaðhvort flokk I eða II, eins og sjá má hér:

I - Ferðamannastaður - (ný) þjónusta/aðstaða:

Um er að ræða:

1. Verkefni á stað, sem ekki er nú þegar skilgreindur sem ferðamannastaður en viðkomandi hefur áhuga að gera hann að slíkum.
2. Nýja þjónustu eða aðstöðu á þegar skilgreindum ferðamannastað. Framkvæmdin mun auka afköst staðarins/svæðisins.

II - Náttúruvernd og öryggi á ferðamannastað:

Um er að ræða:

1. Verkefni þar sem verið er að bæta eða lagfæra núverandi aðstöðu á ferðamannastað sem tengist öryggi eða náttúruvernd.
2. Aukin afköst við móttöku ferðamanna en þjónustustig er ekki hækkað. Ef um skipulags- og/eða byggingarleyfisskylda framkvæmd er að ræða, þá þarf að velja I – Ferðamannastaður.

Við mat á umsóknum er litið til forsendna og eðlis verkefna. Umsóknir eru metnar og þeim gefnar einkunnir á grundvelli gæðaviðmiða sem stjórn sjóðsins setur sér. Uppfylli umsókn ekki lögbundin skilyrði telst hún ekki styrkhæf og fellur hún þá ekki undir mat stjórnar. Umsækjendur eru hvattir til kynna sér gæðamatsblað sjóðsins, en nýtt gæðamatsblað kemur hér inn á vefinn á næstu dögum.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands mun leiðbeina umsækjendum með gerð umsókna. Nánari upplýsingar eru á www.nmi/leidsogn

Aðrar áherslur og ábendingar til umsækjenda

1. Umsækjendur eru hvattir til að vanda sig í hvívetna við gerð umsókna.
2. Áherslur Framkvæmdasjóðsins er varða skipulag og hönnun, útlit og gæði mannvirkja og merkinga koma m.a. fram í eftirfarandi ritum:
 - [Menningarstefna í Mannvirkjagerð](#)
 - [Góðir staðir" - leiðbeiningarrit um uppbyggingu ferðamannastaða](#)
 - ["Aðgengi fyrir alla" bæklingurinn](#)
 - [Handbók um merkingar á ferðamannastöðum og friðlöndum](#)

3. Lögð er áhersla á verkefni þar sem horft er til heildarmyndar ferðamannastaða og tengsl þeirra við skipulagsáætlanir.
4. Styrkur er veittur til verkefna sem fyrirhuguð eru á ferðamannastöðum eða munu leiða til þess að staðirnir verða ferðamannastaðir.

Umsóknarferlið

Þegar sótt er um skal í umsóknargátt gera grein fyrir:

- Hver sækir um og fyrri reynsla af verkefnum tengdum markmiðum sjóðsins.
- Hvert verkefnið er með hnitmiðari lýsingu.
- Kostnaði við verkefnið, hvernig hann skiptist á aðila ásamt (verk)tímaáætlun
- Flokkun umsóknar í annað hvort:
 - I – Ferðamannastað – ný þjónusta/ aðstaða
 - II – Náttúruvernd og öryggi á ferðamannastað

Nauðsynleg fylgiskjöl með umsóknareyðublaði

- Myndir/kort af umræddum ferðamannastað/svæði.
- Ef sótt er um styrk fyrir byggingu mannvirkja eða til annarra leyfisskyldra framkvæmda þá verður samþykkt deiliskipulag, fullnaðarhönnun og framkvæmdaleyfi að liggja fyrir.
- Ef sótt er um styrk til skipulags- og hönnunarvinnu eða undirbúningsrannsókna þá verður að fylgja skrifleg umsögn sveitarstjórnar og/eða skipulagsfulltrúa viðkomandi sveitarfélags.
-[Sjá eyðublað hér](#) (útfyllanlegt PDF)
- Skriflegt samþykki allra landeigenda/fulltrúa landeigenda og/eða umsjónaraðila staða og/eða svæða.
-[Sjá eyðublað hér](#) (útfyllanlegt PDF)

Hvar ber að sækja um

Sótt er um á rafrænni þjónustugátt Ferðamálastofu. Byrja þarf á að skrá sig inn með Íslykli eða rafrænum skilríkjum í farsíma. Þegar innskráningu er lokið skal velja flipann "Umsóknir" og síðan Umsókn um styrki frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða undir liðnum Framkvæmdasjóður ferðamannastaða.